



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

157. FUNDUR SKÓLANEFNDAR 26. september 1990

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, fulltrúi Menntamálaráðun., Guðbjörg Ingimundardóttir, fulltrúi Keflavíkurbæjar, Magnús Hlynur Hreiðarsson, fulltrúi Vatnsleysu-strandarhrepps, Jón Páll Eyjólfsson, fulltrúi nemenda, Magnús Ö. Ingvarsson og Jón Sæmundsson, fulltrúar starfsfólks skólans og Hjálmar Arnason, skólameistari. Kristbjörn Albertsson, fulltrúi Njarðvíkur boðaði forföll og í hans stað var mættur 1. varafulltrúi Guðjón Kristjánsson úr Miðneshreppi. Aðrir varafulltrúar eru: Ingimundur Guðnason úr Gerðahreppi og Ólafur R. Hilmarsson úr Hafnahreppi. Varafulltrúi Menntamálaráðuneytisins er Elsa Kristjánsdóttir úr Sandgerði. Hulda Björk Þorkelsdóttir var ráðin fundarritari nefndarinnar.

Sigríður Jóhannesdóttir setti fund, bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund nýskipaðrar nefndar og bað viðstadda að kynna sig. Síðan fól hún skólameistara fundarstjórn.

1. Formannskjör.

Borin var upp tillöga um Sigríði Jóhannesdóttur sem formann nefndarinnar og Guðbjörgu Ingimundardóttur sem varaformann. Tillagan var samþykkt.

2. Upphaf annar.

Skólameistari gerir grein fyrir skólastarfi annarinnar. Það verður með hefðbundnu sniði. Nemendur í dagskóla eru 573 og 130 í öldungadeild. Námsflokkar verða auglýstir fljótlega. Nemendur voru boðaðir í skólann 31. ágúst og kennsla hófst 4. september. Ekki tókst að fá íslenskukennara í eina stöðu, en mannhábreytingar voru litlar frá fyrri önn. Fjármál standa þokkalega nema hvað varðar skólaakstur, þar dugar ekki áætlað fé frá ráðuneyti fyrir útlögðum kostnaði. SBK sér um skólaakstur. Tímafjöldi er yfir kvóta, en skýring á því er sú að óvenjumargir nemendur eru á tæknisviði, sjúkraliðabraut er starfrækt og atvinnulífisnám sem er allt dæmi um rétta þróun í fjölbrautaskóla. Aukinn kvóti fékkst vegna þessara þátta. Rekstur flugliðabrautar er í endurskoðun. Fyrirhugaðri kennslu á netagerðarbraut varð að fresta til næstu annar vegna kennaraskorts og ónógs undirbúningssumra nemenda sem sótt höfðu um brautina. Mötuneyti nemenda er starfrækt skv. vænju, ríkið neitar að greiða laun matráðskonu og segir að þau verði að koma af rekstrinum. Fjármálastjóri skólans sér um fjármál mötuneytisins, halli varð á rekstrinum á s.l. önn og því þurfti að hækka veitingar um 12% fyrir þessa önn. Skólameistari dreifði "Blaðinu" til nýrra nefndarmanna. Umræður urðu um laun ráðskonu og fóstruliðabraut. Samþykkt að fela formanni og skólameistara að semja ályktun í anda umræðnanna um fóstruliðabraut og senda í ráðuneytið, einnig var formanni falið að kanna nánar hug Fóstrufélagsins til málsins.

3. Húsnæðismál.

Skólameistari lýsir húsnæðismálum skólans og rekur sögu þeirra í kerfinu. Skólameistari ræddi þetta mál á síðasta aðalfundi SSS og í framhaldi af því hefur hann sent bréf til allra fulltrúanna með áskorun um að sveitarfélögin á Suðurnesjum taki afstöðu í þessu máli. Formlegs svars er að vanta innan tíðar. Njaðvíkingar hafa þegar boðið lóð undir nýja skólabyggingu. Umræður urðu um norm, teikningar, húsnæðisskort og kostnað vegna leiguhúsnæðis.

4. Nýjar brautir.

Skólameistari óskar eftir leyfi skólanefndar til að sækja um heimild til að setja á stofn rafsuðubraut og skrifstofubraut og var það samþykkt.

5. Þing Sambands iðnfræðsluskóla.

FS hefur rétt á að senda 2 fulltrúa ásamt skólameistara á þingið. Skólameistari leggur til að Sturlaugur Ólafsson og Magnús Karlsson verði aðalfulltrúar FS, til vara Björn Sturlaugsson og Svanhildur Kjær og var það samþykkt.


6. Styrkir til endurmenntunar.


Skólameistari dreifði reglum um styrki til endurmenntunar sem í gildi eru. Umsókn hefur borist frá Guðna Kjartanssyni um styrk vegna náms í Köln og var það samþykkt með tilvísun í 4. lið reglugerðarinnar.

7. Önnur mál.

- a) Formaður ræddi um greiðslur fyrir fundarsetu í skólanefndinni. Skólameistara falið að kanna málið.
- b) Fundartími ákveðinn einu sinni í mánuði á miðvikudögum kl. 17. Stefna ber að því að fundir verði ekki lengur en í tvo tíma í senn.
- c) Magnús Hlynur tilkynnir að hann verði í námi í vetur og geti því ekki sinnt störfum í skólanefnd.
- d) Skólameistari ræðir samstarf við Fjölbrautaskóla Vesturland og Fjölbrautaskóla Suðurlands og gagnkvæmar heimsóknir. Samþykkt að halda því áfram.
- e) Skólameistari þakkar fyrri skólanefnd ánægjulegt samstarf og sérstaklega þeim Boga Hallgrímssyni fyrir langt og gott samstarf og Guðmundi Björnssyni fyrir farsælt starf sem formanni nefndarinnar s.l. fjögur ár.
- f) Jón Páll ræðir um innritunargjöld og framkvæmd þess. Fram kom hugmynd um staðfestingargjald.
- g) Umræða um busavíglu. Sýndist sitt hverjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari